

## 64. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 68/1940, um náttúrurannsóknir, lög nr. 64/1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins, orðin „þá skal og starfa við Háskóla Íslands rannsóknarstofnun í þágu atvinnuveganna, er nefnist atvinnudeild háskólans“ í 9. gr. laga nr. 60/1957, svo og önnur lagaákvæði, sem brjóta í bága við lög þessi.

## 65. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 21. maí 1965.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gylfi P. Gíslason.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

49. gr. laganna orðist svo:

Skip, sem notuð eru til styttri siglinga, aðallega innan fjarða og flóa, skulu vera undanþegin ákvæðum þessara laga um fjölda skipstjórnarmanna, þ. e. stýrimanna og vélstjóra.

Ráðherra skal heimilt, í samráði við skipaskoðunarstjóra, að ákveða fjölda skipstjórnarmanna á skipum þessum.

Dráttarbátar, sem aðallega eru notaðir á höfnum inni, svo og grafvélar og aðrar fleytur, sem hafa vélar innanborðs, en eru ekki knúnar áfram með vélarafli, skulu og vera undanþegnar ákvæðum laga þessara um fjölda skipstjórnarmanna.

Ráðherra skal og heimilt, í samráði við skipaskoðunarstjóra, að ákveða fjölda skipstjórnarmanna á fleytum þessum.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. maí 1965.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*